



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 18. október 2023
23092178/005.05 FB

Til Jafnréttis- og mannréttindaráðs

Á fundi Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar 21.9. sl. var óskað eftir upplýsingum um tillögu um leiktæki fyrir hreyfihamlaða sem samþykkt var í íbúakosningu árið 2022. Hvernig staðan væri á því verkefni, hvort leikvelli í sveitarfélaginu væru með aðgengi og hvort önnur sambærileg verkefni væru í farvatninu sem tryggi hreyfihömluðum aðgengi að leiksvæðum.

Hugmyndirnar tvær sem kosnar voru inn í íbúalýðræðisverkefninu Okkar Kópavogur í febrúar 2022 lutu að því að setja upp hjólastólarólur, annars vegar á leiksvæði í Smárahverfi og hins vegar í Fífuhammi (Lindum og Sölum). Þeirri fyrrnefndu var valinn staður á leiksvæði við Dalsmára, austan Tennishallarinnar, og var tekin í notkun í júlíbyrjun 2023. Hin hjólastólarólan verður sett upp á leiksvæði við Ársali og eru framkvæmdir að hefjast þar á næstunni en þeim lýkur væntanlega ekki fyrr en vorið 2024.

Í Kópavogi eru hátt í 70 mismunandi opin leiksvæði, auk boltasvæða o.fl. Ítarlegar upplýsingar um þau er að finna í skýrslunni „Leik- og afþreyingarsvæði - Aðgerðaáætlun“ (ONE 2011715) sem samþykkt var í bæjarstjórn vorið 2022. Nú stendur yfir átak í endurnýjun svæða skv. því sem þar kemur fram. Jafnframt hefur mikið átak verið unnið á undarförnum árum við endurgerð leik- og grunnskólalóða í Kópavogi undir vinnuheitinu „Skemmtilegar skólalóðir“.

Við allar þessar framkvæmdir er m.a. haft að leiðarljósi að bæta aðgengi hreyfihamlaðra, m.a. með tilliti til rýmis og landhalla auk þess að kantar eru fjarlægðir.

Til nánari skýringa er bent á svar undirritaðs við fyrirspurn í bæjarráði 24.3.2022 við Aðgengi að leiksvæðum í Kópavogi (ONE 2201516).

Virðingarfyllst,

Friðrik Baldursson
Garðyrkjustjóri